

Vegna reiðvegjar meðfram Þjórsárdalsvegi

Undirritaður ásamt fleirum, fór í hestaferð með hrossarekstur inn í Hallarmúla á Flóa-og Skeiðamannaafretti í byrjun ágúst sl.. Til þess að komast þangað urðum við að reka hrossin meðfram Þjórsárdalsvegi nr. 32. Það má orða það þannig að það er nánast ófært að reka hross frá Sandlækjarholtinu og að Þrándarholti og hreinlega stórhættulegt. Þarna eru bara götur meðfram veginum sem eru illfærar og blautar á köflum og hrossin sækja ítrekað upp á veginn. Samt var búið að slá grasið þarna á götunum sem betur fer annars hefði þetta verið enn verra.

Það er í mínum huga bara tímaspursmál hvenær það verður þarna stórslys ef ekkert verður að gert. Ég veit til þess að ferðaþjónustuaðilar í hestamennsku hafa þurft að fara þarna sl. ár og þá hlaupa hrossin í vegkantinum enda er komin gata eftir þau. Ég vil því skora á Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps og Vegagerðina að gera eitthvað í reiðvegamállum þarna. Einnig ætti Hestamannafélagið Jökull að beyta sér fyrir bættum vegi. Þetta er eina leiðin inn í Þjórsárdal og í fjallaskála Flóa-og Skeiðamanna og Gnúpverja og algjörlega óboðlegt að bjóða hestafólki upp á svona hættuspil og ég tala nú ekki um þegar von er á stóraukinni bílaumferð vegna baðlóns í Rauðukömbum í Þjórsárdal og jafnvel fjölgunar íbúa í Árnesi.

Þá tel ég að þetta hafi og sé búið að hafa áhrif á minnkandi umferð hestafólks í fjallaskála afréttanna.

Tvo möguleika sé ég í stöðunni en það er að fara í viðræður við landeigendur meðfram Þjórsá um að opna og girða leið frá Murneyrum að Þrándarholti. Hin leiðin er að gera leið sunnan við (neðan við) veginn yfir Þrándarholtsmýrina. Kannski mætti bara fylla í skurðinn sem er meðfram veginum og leggja veginn þar eða gera veg neðan við skurðinn. Ýmsir telja að þessi skurður sé óþarfur.

Ef af þessu yrði þá sé ég fyrir mér að við Flóa-og Skeiðamenn gætum nýtt okkur þessar vegabætur með fjallsafnið okkar niður í Reykjaréttir og yrðum því ekki að teppa Þjórsárdalsveginn nema að litlu leyti, sérstaklega ef fyrri leiðin gengi upp.

Ég lýsi undrun minni á því að ekki sé búið að aðhafast neitt í þessum málum fyrir löngu síðan og vil enda á því að segja að þetta þolir enga bið.

Með von um skjót og góð svör.

Virðingarfyllt

Ágúst Ingi Ketilsson bóndi á Brúnastöðum og fjallkóngur Vesturleitar á Flóa-og Skeiðamanna-afretti